

Félag íslenskra hljómlistarmanna 70 ára

25 styrkir til tónleikahalds og 4 heiðursstyrkir verða veittir hljómlistarmönnum á afmælisárinu



Fyrsti formaður FÍH var Bjarni Böðvarsson faðir Ragnars Bjarnasonar söngvara

Í ár er Félag íslenskra hljómlistarmanna 70 ára en félagið var stofnað 28. febrúar 1932 og var Bjarni Böðvarsson fyrsti formaður þess, kosinn á stofnfundi af 13 fyrstu félagsmönnum. Var helsta baráttumál félagsins fyrstu misserin að vernda íslenskan atvinnumarkað fyrir ágengni erlendra hljómlistarmanna.

Nú 70 árum síðar eru félagar í FÍH u.þ.b. 800 og er félagið með 13

kjarasamninga, við ríki, sveitarfélög og önnur sambönd atvinnurekenda sem ráða hljómlistarmenn í vinnu.

Í tilefni afmælisins hefur stjórn FÍH ákveðið að halda veglega afmælisveislu í sal félagsins Rauðagerði 27, 2. mars kl. 18:00. Boðið verður upp á glæsilegar veitingar og ýmis skemmti- og tónlistaratriði.

Mun stjórn FÍH í tilefni afmælisins afhenda styrki til tónleikahalds á árinu. Einnig verða afhentir fjórir heiðursstyrkir til félaga og hópa sem þykja hafa skarað fram úr í hópi flytjenda á undanförunum aldarfjórðungi.

Ennfremur verða afhent heiðursskjöl og viðurkenningar til þeirra sem unnið hafa að framgangi íslensks tónlistarlífs undanfarna áratugi.

Stjórn félags íslenskra hljómlistarmanna hvetur alla félagsmenn til þess að koma í

Rauðagerði 27 klukkan 18:00 og taka þátt í að fagna þessum merku tímamótum. Einnig eru hljómlistarmenn og félagar í FÍH, sem áforma að halda tónleika á árinu, hvattir til þess að sækja um afmælisstyrk sem fyrst. Allar nánari upplýsingar um afmælishátíðina og styrkina eru á heimasíðu FÍH á slóðinni www.fih.is.



Hljómlistarmenn sem léku og stjórnðu tónlistinni á Þingvöllum á alþingishátíðinni 1930. Margir í hópnum áttu stóran hlut að máli við stofnun félagsins og eru meðal annarra á myndinni fyrsti ritari FÍH Guðlaugur Magnússon (3. röð 5. frá hægri, Þórhallur Árnason úr varastjórn (fremsta röð 4. frá hægri). Þessi hópur átti ríkan þátt í móta tónlistarlíf landsmanna á fyrri hluta aldarinnar og lögðu þannig grunn að fjölskrúðugu tónlistarlífi Íslendinga í dag.

LIFANDI TÓNLIST - LIFANDI FÓLK

Staða samningamála

Eins og landsmenn hafa sjálfsagt tekið eftir var kjarabaráttu tónlistarmanna óvenju fjölskrúðug og lifandi á síðastliðnu ári. Verkföll tónlistarskólakennara var áberandi í Þjóðlífinu í nóvember og stóðu þeir fyrir mörgum vel heppnuðum samkomum, kröfugöngum og mótmælastöðum í því skyni að þrýsta Launanevnd sveitarfélaga til að koma til móts við kröfur sínar. Samningar náðust í byrjun desember og munu þeir skila tónlistarskólakennurum allt að 70 % kjarabót í lok samningstíma, en meðalhækkun launa við upphafgildistíma samningsins í janúar 2002 var 32%.

Fastráðnir hljómlistarmenn í Sinfóníuhljómsveit Íslands fengu nýjan kjarasamning á vordögum 2001 sem felur í sér verulega kjarabót.

Á árinu var gengið frá samningi við Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir einleikara starfandi með hljómsveitinni í samstarfi við Félag íslenskra tónlistarmanna.

Enn hefur ekki tekist að klára kjarasamning fyrir lausráðna hljómlistarmenn starfandi við Sinfóníuhljómsveit Íslands og er málið í Félagsdómi.

Í byrjun ársins 2001 var gengið frá samningi



Rósa Hrund Guðmundsdóttir, Joseph Ognebene, Sigurður Þorbergsson, Gréta Guðnadóttir og Hildigunnur Halldórsdóttir á samningafundi fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands í febrúar s.l.

fyrir einsöngvara starfandi við Íslensku óperuna sem færði söngvurunum verulega kjarabót. Samningurinn var samstarfsverkefni Félags íslenskra leikara og FÍH þar sem fjöl-

marginir söngvarar eru einnig félagar í stéttarfélagi íslenskra leikara.

Á fyrri hluta ársins 2001 var gerður nýr kjarasamningur fyrir hljómlistarmenn starfandi í Þjóðleikhúsinu og er sá samningur leiðandi fyrir önnur leikhús.



Snorri Örn Snorrason, Sigrún Grendal, Eiríkur Jónsson, Björn Th. Árnason, Þórarinn Sigurbergsson og Gunnar Gunnarsson úr samninganefnd FÍH og FT á samningafundi í húsi Sáttasemjara í nóvember síðastliðnum.

Aðrir samningar eins og samningur við Útfararstofu kirkjugarðanna, Samband hljómplötuframleiðenda og Samband ferðaþjónustunnar uppfærðust samkvæmt vísitölu.

Umhverfi hljómlistarmanna svo og annarra launamanna í landinu er síbreytilegt. Kjarabaráttu snýst um að hækka laun og bæta kjör umbjóð-

endanna. Í upplýsingavæddu tækniþjóðfélagi nútímans er samningagerð orðin sérstök starfsgrein og í samninganefndir viðsejanda okkar veljast menn sem þykja hafa menntun, kunnáttu og lundarfær til þess að ná sem bestum árangri í því skyni að samningar við launamenn verði sem hagstæðastir fyrir vinnuveitendur. Hefur þetta orðið til þess að gera samningaviðræður flóknari og erfiðari þá sérstaklega þegar verið er að semja við samninganefndir ríkis og sveitarfélaga. Afleiðingin er sú að kjarasamningar þeir sem gerðir eru hafa með tímanum orðið mjög flóknir, svo flóknir að launamenn eiga í mestu vandræðum með að skilja þá og oft þarf að kalla sérfræðiaðstoð til. Ennfremur hefur það aukist að á milli samningalota þegar ætla mætti að friður ríkti um samninga hafa vinnuveitendur leitast við að breyta túlkunum hans sér í hag. Nýlegt dæmi um þetta er mál sem FÍH vinnur nú í gagnvart Þjóðleikhúsinu en eins og fram kemur hér að ofan var samningur við leikhúsið undirritaður snemma á síðasta ári.

Þrátt fyrir þó nokkra mótsþyrnu viðsejanda er það mat stjórnar FÍH að góður árangur hafi náðst í samningalotum ársins 2001 og hvetur stjórn FÍH ennfremur hljómlistarmenn að vera á varðbergi um að vinnuveitendur standi við ákvæði kjarasamninganna í einu og öllu og tilkynna öll frávik til skrifstofu FÍH.

Samantekt: Sigurgeir Sigmundsson

Íslensku tónlistarverðlaunin vöktu mikla athygli

Rokkdeild FÍH hefur tekið þátt í afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna frá því að FÍH hafði frumkvæði að því að verðlaunin voru fyrst afhent árið 1993. Tilgangur Íslensku tónlistarverðlaunanna er að vekja athygli á íslenskri tónlist og tónlistarmönnum um leið og veittar eru viðurkenningar til þeirra sem þykja hafa



skarað fram úr á árinu á undan. Ekki man undirritaður eftir því að fullkomin sátt hafi verið um afhendingu viðurkenninganna meðal tónlistarmanna, þó svo að menn hafi auðvitað verið misjafnlega ósáttir. Líklega verður aldrei sátt um hvernig faghópar ákveða að deila viðurkenningum á milli hljómlistarmanna, en hins vegar hefur enginn deilt um það að Íslensku tónlistarverðlaunin hafa vakið umræðu og athygli almennings á íslenskri tónlist og má þannig segja að megin markmið Íslensku tónlistarverðlaunanna hafi náðst.

Árið 2000 þótti aðstandendum verðlaunanna afhendingin vera komin í blindgötu ef svo má að orði komast og menn langaði til þess að leita leiða til þess að Íslensku tónlistarverðlaunin fengju þá virðingu og þá athygli sem þau verðskulda. Var ákveðið að doka við og fresta afhendingu þeirra um eitt ár, en nota tímenn í staðinn til þess að leita viðunandi lausna í því skyni að markmið verðlaunanna næðu fram að ganga.

Allt fram að árinu 2000 voru aðstandendur Íslensku tónlistarverðlaunanna eins og áður sagði FÍH, Samband hljómplötuframléiðenda, Hitt húsið fyrir hönd lþrótt- og tómsundaráðs og fulltrúar fjölmiðla í samstarfi við Dagblaðið sem birti tilnefningar, umfjöllun og úrslit og Landsbankann sem lagði til verðlaunagripa.

Eins og fram hefur komið þótti aðstandendum rétt að stokka upp spilin og voru samningar við Dagblaðið og Landsbankann ekki endurnýjaðir, en í staðinn var leitað leiða til þess að fá ljósvakamiðla að málinu og svo fór að samningar tókust við Ríkisútvarpið/sjónvarp. Ennfremur tilnefndu Félag tónskálda- og textahöfunda, Tónskáldafélagið og FÍT fulltrúa sína til setu í stjórn Íslensku tónlistarverðlaunanna og má þar segja að hringnum hafi verið lokað með því að fulltrúar allra helstu félaga og samtaka innan tónlistariðnaðarins ættu sæti í stjórn ÍTV. Um og eftir miðjan nóvember var leitað eftir 50 fulltrúum til setu í faghópum og birtu faghóparnir niðurstöður sínar í byrjun desember. Í framhaldi þess voru þeir geisladiskar og þeir flytjendur sem tilnefndir voru merktir með miða Íslensku tónlistarverðlaunanna þar sem fram kom að verk, flytjandi eða höfundur hefðu hlotið tilnefningu. Rétt er að fram komi að sami háttur er hafður á með Edduna sem er

árleg viðurkenning til leikara fyrir vel unnin störf.



Samkvæmt samningi við sjónvarpið var ákveðið að Íslensku tónlistarverðlaunin yrðu í beinni útsendingu sunnudaginn 10. febrúar.

Tónlistarmenn þeir sem að komu fram við afhendinguna stóðu sig undan- tekningarlaust frábærlega og gat hver áhorfandi fundið tónlist fyrir sinn smekk, en að öllum ólöstuðum getur undirritaður ekki dulið aðdáun sína á leik hljómsveitarinnar Jagúar sem var í tveimur orðum "hreinn snilld".

Hins vegar var framkoma ýmissa tónlistarmanna (og fulltrúa þeirra sem viðurkenningar fengu) að mati undirritaðs ekki í sama gæðaflokki og einkenndist hún af skotum á ráðamenn í salnum sem höfðu ekki möguleika á að tjá sig eða verja málstað sinn.



Er það mat undirritaðs að athugasemdir hljómlistarmannanna hafi allar átt rétt á sér, en hins vegar hafi tímasetningin sem valin var til þess að koma athugasemdunum á Í stað þess að taka framfæri verið röng.

Í stað þess að taka við þökkum og hvatningu fyrir það sem að mati sérfræðinga í tónlistargeiranum hafði verið vel gert "misnotuðu menn tækifærið" í því skyni að koma á framfæri óánægju sinni með menn, málefni, fyrirtæki, félög og skipulag Íslensku tónlistarverðlaunanna. Varð undirrituðum ljóst sannleiksgildi orðanna "sælla er að gefa en að þiggja" og að alþýðuhljómlistarmenn sem árum saman hafa miðlað almenningi af list sinni og hafa sannarlega verið sniðgengnir í styrkjakerfi hins opinbera, eiga erfitt með að taka við þökkum, hrósi eða klappi í öxlina fyrir vel unnin störf.

Þrátt fyrir þetta misrétti verða hljómlistarmenn að átta sig á því að það er staður og stund fyrir alla hluti og að þrátt fyrir mótlæti verða menn að kunna að gleðjast. Skora ég hér með á alla þá hljómlistarmenn og fulltrúa þeirra sem þátt tóku í að "misnota aðstöðu sína" á Íslensku tónlistarverðlaununum að skipuleggja baráttutónleika og baráttufundi til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, skrifa blaðagreinar og nýta hvert tækifæri sem gefst til þess að berjast fyrir málefnum sínum á opinberum vettvangi.

Íslensku tónlistarverðlaunin eru ekki vettvangur hagsmunabaráttu, heldur gleðistund sem hljómlistarmenn eiga að njóta saman.

Sigurgeir Sigmundsson

Gjaldkeri FÍH

Á að birta nöfn veitingamanna sem bjóða laun undir taxa og þeirra hljómlistarmanna sem þiggja þau ?

Það hefur ekki farið framhjá neinum að menn hafa óttast efnahagskreppu í þjóðfélaginu undanfarin misseri og gamall draugur hefur verið vakinn upp sem hefur áhrif til hækkunar á vöru og þjónustu. Einnig hefur þróun byggðar og atvinnu í landinu verið frá landsbyggðinni til þéttbýlisins á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hefur þessi þróun haft áhrif á starfsumhverfi og afkomu alþýðuhljómlistarmanna starfandi í félagsheimilum landsins, en sveitaböllin sem áttu sitt blómaskeið 1960-1990 eru smám saman að leggjast af og má segja að í dag séu það einungis félagsheimilin Ídalir á Norðurlandi eystra og Miðgarður í Skagafirði sem halda merkinu á lofti. Þess í stað hafa dansleikirnir í félagsheimilunum færst inn á veitingastaði og krár í bæjarfélögunum sem taka allt frá 100 til 500 manns.

Rekstraraðilar veitingahúsa eru misjafnir eins og þeir eru margir og til þess að lækka kostnað í rekstri sínum hafa sumir þeirra freistast til þess að leita leiða til þess að þrýsta launum hljómlistarmanna niður. Hafa skrifstofu FÍH borist kvartanir um undirboð veitingamanna á Hornafirði, Vestmannaeyjum og í Reykjanesbæ þar sem hljómlistarmönnum hafa verið boðin laun undir samningum FÍH. Sömuleiðis veit skrifstofa FÍH um staði á Stór-Reykjavíkursvæðinu þá helst í miðbæ Reykjavíkur sem greiða laun undir taxa, fyrir oft í tíðum mikla vinnu þar sem nú eru veitingastaðir opnir lengur.

Það eru eindregin tilmæli frá stjórn FÍH til hljómlistarmanna að þiggja ekki atvinnutilboð þar sem boðin eru laun undir taxa og hafa samband við skrifstofu FÍH og tilkynna um slík tilvik. Við vitum að það er ákveðinn hópur veitingamanna í landinu sem býður laun undir taxa og við vitum að það er ákveðinn hópur hljómlistarmanna sem ítrekað þiggur laun undir taxa. Ein leið til þess að sporna við þessari þróun væri að birta nöfn þeirra sem standa í þessum viðskiptum. Mörgum gæti þótt þessi leið full harkaleg en nauðsynlegt er að bregðast nú þegar við til þess að hljómlistarmenn standi ekki höllum fæti á komandi misserum og að þeir verði ekki fyrir kjaraskerðingu meðan að á samdrætti í þjóðfélaginu stendur.

Núverandi efnahagsástand hefur orðið til þess að það er þrýstingur frá veitingamönnum á hljómlistarmenn um að lækka laun sín og við þessum þrýstingi verður að bregðast með samstöðu hljómlistarmanna.

Segjum nei við undirboðum.

Sigurgeir Sigmundsson

Gjaldkeri FÍH

Niðurstöður í hugmyndasamkeppni um skipulag miðborgar birtar

Styttist í að ríki og borg skrifi undir samkomulag um byggingu tónlistarhúss


Í janúar s.l. voru kunngerð úrslit í hugmyndasamkeppni um skipulag miðborgar Reykjavíkur. 1. verðlaun hlaut tillaga frá arkitektunum Guðna Tyrfingssyni, Lotte Elkjær, Mikel Fischer-Rasmussen og Lasse Grosbøl.

Lýsing verkefnisins

“Tilgangur samkeppninnar er að fá fram hugmyndir að skipulagi svæðisins, sem er einstakt í miðborg Reykjavíkur. Mikilvægt er að fyrirhugaðar byggingar og mannvirki undirstriki og nýti kosti svæðisins. Byggingar á samkeppnissvæðinu verða mjög áberandi m.a. séð frá sjó, hafnarvæðinu, Kvosinni og Sæbraut. Vegna sjónræns mikilvægis svæðisins og umfangs væntanlegra bygginga er ekki ólíklegt að fyrirhugaðar byggingar TRH á samkeppnissvæðinu geti orðið einskonar "viti" eða tákn miðborgar Reykjavíkur. Þess vegna er lögð rík áhersla á að skipulag og byggingar á lóðinni, sem og á svæðinu öllu verði í háum gæðaflokki þar sem samspil bygginga og fagurfræðilegt gildi er í hávegum haft”.

Næsta mikilvæga skref í málefnum byggingar tónlistarhúss í Reykjavík er undirskrift samkomulags ríkis og borgar um byggingu tónlistarhúss. Þetta samkomulag er nú í lokavinnslu og fyrirsjáanlegt að það verði undirritað á næstunni.

Bygging tónlistarhúss í Reykjavík er eitt brýnasta hagsmunamál hljómlistarmanna í dag. Fjölmargir hljómlistarmenn koma til með að vinna í húsínu reglulega og hins vegar verða enn fleiri hljómlistarmenn sem koma til með að halda tónleika sína í því eða starfa í því



Örin bendir á staðsetningu tónlistar- og ráðstefnuhúss sem staðsett verður við höfnina þar sem Faxaskáli stendur nú.

í skemmri eða lengri tíma. Ennfremur er fyrirsjáanlegt að tilkoma hússins verði eins og vítamínsprauta inn í íslenskt tónlistarlíf og viðbúið að framboð tónleika og tónleikasókn komi til með að aukast um 10-30% eins og gerst hefur í nágrennalöndunum þegar ný tónlistarhús hafa verið tekin í notkun. Nánari upplýsingar um samkeppnina eru á slóðinni www.midborg.net.

Samantekið af Sigurgeiri Sigmundssyni

Heimild: Heimasiða Reykjavíkurborgar midborg.net